



Reykjavík 6. september 2010

Skýrsla stjórnar AE starfsendurhæfingar fyrir árið 2009

Eigandi Hlutverkaseturs og hluthafi er Elín Ebba Ásmundsdóttir kt. 111255-4239. Félagið AE starfsendurhæfing var stofnað í maí 2005 en eiginleg starfsemi hófst á árinu 2006. Árið 2007 var starfsemin í Lækjargötu 4, flutti síðan um sumarið á Laugaveg 26. Í nóvember 2009 flutti starfsemin í Borgartún 1 og af því tilefnin var innflutningsboð haldið 11/11 þar sem yfir 100 manns mættu. Tilgangur félagsins er rekstur starfsendurhæfingar og að efla virkni og þátttöku fólks sem misst hefur hlutverk í lífinu.

Sæunn Stefánsdóttir tók við stjórnarformannsstöðu í stað Auðar Axelsdóttur í byrjun árs og Þórólfur Árnason var áfram varaformaður. Jóhanna E. Vilhelmsdóttir kom ný inn í stjórn. Aðrir í stjórn eru Andri Árnason og Árni Gunnarsson. Elín Ebba Ásmundsdóttir er varamaður.

Hlutverkasetur víkkaði út starfssemi sína á árinu 2009 og opnaði staðinn fyrir atvinnuleitendur, í ljósi þess mikla atvinnuleysis sem var og fjölda þeirra sem glímdu þá þegar við langtímaatvinnuleysi. VR gerði samning við Hlutverkasetur í janúar 2009 og var fjármagnið nýtt til að auka framboð á námskeiðum. Margir atvinnuleitendur hafa nýtt sér þessi námskeið og hafa í kjölfarið sjálfir boðið upp á styttri eða lengri námskeið. Atvinnuleitendur hafa verið hluti af starfsseminni síðan og aukið fjölbreytni staðarins. Tilraunasamningur til sex mánaða var gerður við félag- og tryggingamálaráðuneytið sem kallast “Kaffihúsaverkefnið”. Mismunandi grasrótargreyfingar hafa komið og kynnt starfssemi sína og má þar nefna tólf spora kerfið, innhverfa íhugun og hjólaáhugaklúbburinn.

Kristín Guðbjörg Sigursteinsdóttir, iðjuþjálfari, byrjaði 1. janúar í 100% stöðu og Védís Drafnardóttir, sem bókarari í 30% stöðu. Aðrir starfsmenn sem byrjuðu á árinu voru Kolbrún Hjálmtýsdóttir, starfs- og námsráðgjafi í 70% starf, sem tók við verkstjórn NsN 15. maí. Jósep Gíslason og Sigríður Árnadóttir voru ráðin í hlutastörf í “Kaffihúsaverkefnið” einnig frá 15. maí. Þau skiptu á milli sín verkum við að finna kaffihús í miðbænum, sem voru tilbúin að vinna með ungu fólki og sjá um tímabundna starfsþjálfun, með það að leiðarljósi að ráða það í áframhaldandi vinnu. Samstarf hófst í framhaldinu við Fjölsmiðjuna og Vinnumálastofnum sem sér um ungt fólk sem þarf nánari eftirfylgd á vinnustöðum. Sigríður Árnadóttir var ráðin til starfa erlendis í framhaldi af viðtali í Kastljósi sem tekið var í tengslum við verkefnið. Jósep jók starfshlutfall sitt upp í 50% og tók alfarið við verkefninu. Elín Ebba Ásmundsdóttir, iðjuþjálfari og eigandi fór á launaskrá frá og með 1. júní 2009 og er í 100% starfi.

Notandi spyr notandi verkefnið sem tengdist samningi við félags- og tryggingarmálaráðuneytið breytti um takt á árinu. Í stað þess að taka út búsetuúrræði á vegum ráðuneytisins, var talað við einstaklinga sem tengdust dagstarfsemi fyrir geðfatlaða og þeir spurðir hvað þeim fyndist um stöðu sína í íslensku samfélagi og hvað gagnaðist í þjónustunni og hvað ekki. Elín Ebba tók þátt í gagnasöfnun NsN

hópsins og tók viðtöl við notendur á Akureyri, Vestmannaeyjum og á Egilsstöðum.

Málþing „Byggjum betra samfélag“ - “Valdefling í verki” voru haldin á fjórum stöðum, Neskaupsstað, Vestmannaeyjum, Selfossi og í Borgarnesi. Samstarf hófst við Rauða kross Íslands um málþingin og Héðinn Unnsteinsson sérfræðingur hjá heilbrigðisráðuneytinu lagði málþingunum lið með fyrirlestrum.

Sjóvá endurnýjaði ekki samning við Hlutverkasetur vegna tryggingarinnar Áfallavernd sem rann út í september. Skýr hefur áhuga að halda samstarfinu við Hlutverkasetur áfram meðan Sjóvá bíður ekki upp á þessar tryggingar.

Samningur við forsætisráðuneytið um 26 einstaklinga í starfsendurhæfingu og 13 einstaklinga í eftirfylgd var aðeins nýttur að hluta þar sem lengri tíma hefur tekið, en áætlað var, að fá einstaklinga til að mæta reglulega en sífellt er þó aðsóknin meiri. Samningar við Reykjavíkurborg voru nýttir að fullu. Íbúum með geðfatlanir sem búa í íbúðarkjörnum á vegum Reykjavíkurborgar var boðið að nýta sér starfsemi Hlutverkaseturs. Til að ná tengingu var reiknað með að starfsmenn þessara staða myndu bjóða upp námskeið til að tengja staðina saman, en því var ekki fylgt eftir af hálfu starfsmanna íbúðarkjarnanna á árinu. Einstaka íbúar hafa nýtt sér eitt og eitt námskeið í Hlutverkasetri.

Elín Ebba Ásmundsdóttir hélt fyrirlestra á vegum Hlutverkaseturs, í Janus, fyrir starfsfólk endurhæfingardeildar LSH, Laugarrás og fyrir Mímir. Haldnar voru kynningar um Hlutverkasetur fyrir hópa starfsfólks, sem vinnur á þjónustumiðstöðum á vegum Reykjavíkurborgar, félagsráðgjafa sem starfa á vegum Kópavogsbæjar og starfs- og námsráðgjafa í Mími, svo eitthvað sé nefnt. Umfjöllun um Hlutverkasetur var í Kastljósi, á Bylgjunni, í Morgunblaðinu sem og í Fréttablaðinu.

Starfsemi Hlutverkaseturs fór mjög vaxandi á árinu 2009. Aðsókn jókst og starfsemin tók stakkaskiptum með fjölbreyttari úrræðum og fjölbreyttari hópi fólks sem tók þátt í starfi Hlutverkaseturs. Starfsmönnum fjölgaði sömuleiðis. Stjórnin tók einnig virkari þátt í starfinu en verið hefur. Stjórnin vill þakka starfsfólki Hlutverkaseturs fyrir vel unnin störf á þessu ári uppbyggingar þrátt fyrir það erfiða ástand sem í samfélaginu ríkti. Þar er á engan hallað þó að þakkað sé sérstaklega Elínu Ebbu, úthaldi og krafti hennar. Stjórnin er bjartsýn fyrir hönd Hlutverkaseturs fyrir árið 2010 en halda verður vel á, í rekstri á þessum niðurskurðartímum því aldrei hefur verið meiri þörf fyrir starfsemi Hlutverkaseturs en nú þegar fjöldi atvinnulausra hefur aldrei verið meiri og þeir sem þegar áttu undir högg að sækja á vinnumarkaði fyrir hrun íslensks fjármálakerfið eiga enn erfiðara með að fá vinnu.

Fyrir hönd stjórnar Hlutverkaseturs,
Sæunn Stefánsdóttir, stjórnarformaður